um, að ríkisbankarnir sjái landbúnaðinum fyrir nauðsynlegum afurða- og rekstrarlánum.

Flm: Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ríkisbankarnir láti landbúnaðinum í té nauðsynleg lán móts við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar, m. a. með því að kaupa afurðalánavíxla vegna landbúnaðarafurða frá þeim fyrirtækjum, sem annast sölu þessara afurða, að því marki, að þessi fyrirtæki geti greitt bændum þegar við móttöku afurðanna það verð, sem gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli á hverjum tíma.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu, enda var þinginu slitið stuttu eftir að hún var lögð fram. Eftirfarandi greinargerð, sem fylgdi tillögunni í fyrra, er óbreytt að öðru leyti en því, að tölur úr verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara eru úr núgildandi verðlagsgrundvelli.

Allar launþegastéttir í landinu munu fá kaup sitt greitt annaðhvort vikulega eða mánaðarlega. Það er samningsatriði við atvinnurekendur á hverjum stað, að þeir standi í skilum með kaupið á vissum útborgunardögum. Það er mjög eðlilegt, að hver maður verði að fá vinnu sína greidda svo að segja jafnharðan, svo að hann geti keypt lífsnauðsynjar sínar og staðið í skilum með opinber gjöld. Engum mun detta í hug, að þetta geti öðruvísi verið. Lánastofnanir munu því yfirleitt hjálpa þeim atvinnurekendum með lánum, er þeir þurfa, svo að þeir geti staðið í skilum við starfsfólk sitt á umsömdum útborgunardögum.

Bændur landsins hafa fyrir löngu verið viðurkenndir eins konar launþegar, þar sem lög gilda um afurðaverð þeirra og um kaup þeim til handa með þeim fyrirmælum, að það skuli vera í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Afurðaverðið er ákveðið samkvæmt áætlun um, hvað mikið þurfi til að borga rekstrarkostnað við meðalbúið, og er vinna bóndans ákveðinn hluti þar af. Til þess að geta rekið búið þarf bóndinn allmikið fjármagn. Hann þarf t. d. samkvæmt núgildandi verðgrundvelli að kaupa áburð og fóðurbæti fyrir um 40 þús. kr. Hann þarf til fyrningar og viðhalds húsum og girðingum rúmlega 10 þús. kr. Hann þarf til rekstrar og viðhalds véla rúmlega 20 þús. kr. Í flutningskostnað fara 9 þús. kr. Í vexti af skuldum þarf rúmlega 7 þús. kr. Í ýmsan rekstrarkostnað fara 7 þús. kr. Og svo þarf að borga út um 16 þús. kr. fyrir aðkeypta vinnu. Þetta gerir um 109 þús. kr., sem bóndinn þarf að svara út úr búi sínu. En auk þess á hann svo sjálfur að fá út úr búinu til eigin persónulegra þarfa fyrir vinnu sína 119 þús. kr. og vexti af eigin fé, 23880 kr. Þetta allt saman eru rúmlega 253 þús. kr. Það eru að mestu leyti afurðir af nautripum og sauðfé, sem eiga að standa undir þessum útgjöldum, eða tæplega 134 þús. kr. af nautgripum og 94 þús. kr. af sauðfé, en auk þess nokkrar tekjur af garðrækt o. fl.

Tekjurnar af nautgripunum, þ. e. a. s. mjólkin, eru greiddar mánaðarlega að rúmlega ⅔ hlutum, en tæplega ⅓ hluti verðsins kemur ekki í hendur bóndans fyrr en hér um bil hálfu öðru ári eftir að innlegg vörunnar hefst. Um sauðfjárafurðirnar er það að segja, að margir bændur munu fá ⅔ verðsins nokkru eftir afhendingu afurðanna, en ⅓ fá þeir ekki fyrr en 8—12 mánuðum síðar. Þetta orsakast af því, að stofnanir þær, sem taka þessar vörur af bændum til sölumeðferðar, skortir fjármagn til þess að geta borgað þær því verði við móttöku, sem gert er ráð fyrir að bændur eigi að fá, og engar peningastofnanir hafa viljað lána út á vörurnar fullnægjandi upphæðir. Seðlabankinn hefur lánað rösklega helming af væntanlegu verði vörunnar, og hefur sú upphæð lækkað hlutfallslega hin síðari ár. Verzlanir og afurðasölufélög bænda hafa yfirleitt ekki átt aðgang að viðbótarlánum.

Í þeim löndum, þar sem frjáls viðskipti peningastofnana tíðkast, sækjast bankar eftir því að hafa viðskipti við afurðasölustofnanir bænda. Í Danmörku og Noregi fá bændur strax að lokinni afhendingu búsafurða útborgið það verð, sem þeim ber, og standa þeir af þeim sökum miklu betur að vígi við búskapinn en stéttarbræður þeirra hér á landi, sem verða að reka bú sín og heimilishald að verulegu leyti með lausaskuldum, enda í mörgum tilfellum undir hælinn lagt, hvort bændum tekst að útvega sér nauðsynleg rekstrarlán.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um, að ríkisbankarnir leysi þann vanda, sem er hér á ferðinni. Með ríkisbönkunum er átt við: Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Virðist sanngjarnt, að allir ríkisbankarnir taki þátt í að ráða bót á miklu vandamáli eins aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, enda þótt eðlilegt megi teljast, að hlutur Seðlabankans verði þar stærstur. Jafnframt verður að álíta, að ríkisstjórnin geti markað réttláta stefnu ríkisbankanna í þessu máli.